



UNGMENNASAMBAND BORGARFJARÐAR

STOFNAÐ 26 APRÍL 1912

1. **Sonja Lind sambandsstjóri setti fundinn**
2. **Bjarney Bjarnadóttir, nýráðinn framkvæmdastjóri kynnti sig og sagði lauslega frá starfinu**
3. **Fundarmenn kynntu sig og sögðu frá starfi deildanna og frá hvernig gengur**

Almennt gengur vel.

Einhverjar deildir að koma upp úr lægð eftir Covid en aðrar sem hafa náð sér vel á strik aftur.

Rætt var um að upplýsingaflæði milli sveitarfélagsins og íþróttafélaga mætti vera betra, sérstaklega m.t.t. tilvonandi framkvæmda og annað sem hefur áhrif á íþróttastarf félaganna. Mun því verða komið áleiðis.

Mættir voru fulltrúar eftirtalinn aðildarféлага:

Björn Hítardælakappi
Dagrenning
Golfklúbbur Borgarness
Frjálsíþróttadeild UMSB
Badmintondeild Skallagríms
Knattspyrnudeild Skallagríms
Körfuknattleiksdeild Skallagríms
Sunddeild Skallagríms
UMF Íslendingur
UMF Reykdæla

4. **Sakavottorðsheimildir**

Rætt var um öflun sakavottorðsheimilda, allir sammála um mikilvægi þess að allir sem starfa innan deildanna eða koma með einhverjum hætti að starfi með börnum og ungmennum undirriti þessa heimild. Hægt er að nálgast eyðublöð bæði á íslensku og ensku á heimasíðu UMFÍ undir *Lög, reglugerðir viðurkenningar*.

Undir þessum lið var einnig minnt á samskiptaráðgjafa en til samskiptaráðgjafa er hægt að leita með mál er varða andlegt-, líkamlegt- og kynferðislegt ofbeldi og áreitni, einelti og önnur sambærileg tilvik sem hafa komið upp á vettvangi íþróttta- eða æskulýðsstarfs. Hægt er að fara inn á heimasíðuna *samskiptaradgjafi.is* og senda þar inn tilkynningu, hvort sem það eru þjálfarar, iðkendur eða foreldrar. Einnig er hlekkur á heimasíðu UMSB.

5. Netföng og heimasíða UMSB

Sú breyting hefur á heimasíðu UMSB að nú fá aðildarfélög sitt svæði þar sem hægt er að setja inn fréttir og annað af deildinni sjálfri. Framkvæmdastjóri hvatti aðildarfélög til að vera dugleg að setja þar inn fréttir af starfi deildarinn og stefnir að því að halda Teams fund fljótlega og fara yfir það með aðildarfélögum hvernig efni er sett þar inn.

Markmiðið er að síðan verði þannig að fólk getur fengið allar upplýsingar á einum stað.

Því er einnig mikilvægt að allar upplýsingar á heimasíðunni séu réttar varðandi stjórnir og þjálfara aðildarfélaga og deilda.

Einnig voru öll hvött til að sækja um og nýta sér netföng sem enda á @skallagrimur.is eða umsb.is, þannig munu upplýsingar deilda halda sér þó að nýir aðilar komi í stjórn.

6. Ályktun um forgangsröðun og uppbyggingu íþróttamannvirkja

Samkvæmt samningi Borgarbyggðar skal UMSB skal í samstarfi við aðildarfélög sín móta og setja fram forgangsröð og áherslur íþróttahreyfingarinnar varðandi uppbyggingu og endurbætur, sem Borgarbyggð kemur að, á íþróttamannvirkjum í sveitarfélaginu.

7. Sportabler og félagatal

Rætt var um mikilvægi réttra skráninga í Sportabler, sem mun einfalda til muna að skila í gegnum skilakerfi ÍSÍ á næsta ári. Nokkrar umræður urðu um félagatal og ljóst að það er umræða sem þarf að taka aftur og skýra betur.

8. Styrkjamál

Styrkjamál voru rædd og stefnt að því að nýjar úthlutunarreglur vegna lottótækna verði tilbúna fyrir næsta formannafund.

9. Önnur mál

Engin önnur mál voru á dagskrá